

Mál nr. 72/2008

M
og
Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A
og
Vátryggingafélagið Y v/ bifreiðarinnar B.

Skemmdir á bifreið við mætingu á Suðurlandsvegi þann 2.3.2008.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 2.5.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 19.5.2008.
3. Bréf Y, dags. 19.5.2008.

Málsatvik.

Bifreiðinni A var ekið austur þjóðveg nr. 1, Suðurlandsveg, en snjómokstursbifreiðinni B var ekið úr gagnstæðri átt. Á mótis við Kögunarhól, er bifreiðirnar mættust, mun sandur og mól hafa fokið frá B og yfir A með þeim afleiðingum að sprunga kom í framrúðu, beygla í vélarhlíf, svo og rispur og sandblástur framan á bifreiðinni. Við skoðun lögreglu skömmu eftir atvikið sáust sprunga í framrúðu A og beygla á vélarhlíf.

Ökumaður A gaf skýrslu hjá lögreglunni á Selfossi og kvað sandstrók hafa staðið aftur úr B, þegar hann mætti henni sem valdið hafi skemmdum á A eins og lýst er hér að ofan. Töluvert rok hafi verið og hafi ökumaðurinn veitt því eftirtekt að mikið hafi verið í sanddreifaranum og kúfur staðið yfir skjólborð hans og ekki hafi verið breitt yfir.

Ökumaður B kannaðist við að hafa verið á ferð á umræddum stað, en mundi ekki eftir að hafa mætt A. Hann kvað að slökkt hafi átt að vera á sanddreifaranum en ekki sé ólíklegt að sandur hafi verið utan á bílnum sem gæti hafa kastast af. Reyndar fannst ökumanninum ólíklegt að sandur hafi valdið því að framrúða A hafi brotnað og beyglur myndast þar sem um mjög fínkornótt efni sé að ræða. Líklegra væri að klakastykki hafi losnað af B og lent á A með fyrrgreindum afleiðingum.

Álit.

Ökumaður B mótmælti því ekki að hafa verið á ferð við Kögunarhól um það leyti sem ökumaður A kvað óhappið hafa orðið. Þá hefur ekki verið mótmælt að segl hafi vantað yfir sandkúf sem var í sanddreifaranum á B. Verður því að miða við að ekki hafi verið gengið nægjanlega frá sandfarmi á B og sandur hafi af þeim sökum fokið frá B og valdið skemmdum á A þegar ökutækin mættust. Þá hefur ökumaður B ekki útilokað að klakastykki hafi losnað af B og valdið skemmdum á A. Að þessu athuguðu telst eigandi B bera ábyrgð á tjóni því sem hlaust í umrætt sinn á A.

Niðurstaða.

Tjón á A bætist úr ábyrgðartryggingu B.

Reykjavík, 3. júní 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.